**18. fundur í framkvæmdanefnd kirkjuþings 23. október 2023**

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Axel Árnason Njarðvík, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

**Dagskrá:**

1. **Fyrri fundargerð**
    a. Lesin var upp fundargerð 17. fundar þann 18. október 2023 og hún samþykkt samhljóða.
2. **Úrskurður úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar**
    a. Ræddur var úrskurður úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar.
    b. Ákveðið að senda erindi á Biskupsstofu til að inna eftir því hvort til séu samningar við starfsmenn sem fela í sér auknar skuldbindingar.
    c. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, og Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjuþings, komu inn á fund nefndarinnar.
    d. Héldu umræður um úrskurðinn áfram og gerði AMS grein fyrir sínum viðbrögðum við honum.
3. **Kirkjuþing**
    a. DH gerði grein fyrir tilhögun komandi Kirkjuþings.
4. **Önnur mál**
    a. **Lausar stöður**
        i. AMS gerði grein fyrir að auglýstar hafa verið stöður á Grundarfirði og Skagafirði.
    b. **Skýrsla framkvæmdanefndar**
        i. Rætt var um skýrslu framkvæmdanefndar sem lögð verður fram á Kirkjuþingi.

AMS og DH véku af fundinum.

c. **Syðra-Laugaland:** BG upplýsti að tilboð hafi borist. Ákveðið að gera gagntilboð.
d. **Grundarfjörður:** Upplýst að söluferli skyldi halda áfram og BG falið að ræða við sveitarstjóra.

Hlé var gert á fundinum kl. 11:00 og var honum framhaldið kl. 16:00.

e. **Varaforseti Lúterska heimssambandsins:** Upplýst var að embættinu fylgi þrjár utanlandsferðir á ári. Kanna þarf hvort það sé inn á fjárhagsáætlun næsta árs.
f. **Leiðrétting gagngjalds:** Upplýst var um endurmat í samræmi við almennar launa og verðlagsforsendur.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:30.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.